

Hluthafafundur í Reginn hf. 4. júlí 2023

Þriðjudaginn 4. júlí 2023 klukkan 16:00 var haldinn hluthafafundur hjá Reginn hf., kt. 630109-1080, í Háteig fundarsal á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 28, 105 Reykjavík.

Fundarstörf:

1. Fundarsetning og skipun fundarstjóra:

Fundurinn hófst með að stjórnarformaður Regins hf., Tómas Kristjánsson, setti fundinn. Stungióð var upp á Óskari Sigurðssyni, lögmanni, sem fundarstjóra og var tillagan samþykkt.

2. Boðun fundarins:

Óskar Sigurðsson tók við stjórn fundarins. Fundarstjóri lagði til að Esther Ýr Óskarsdóttir yrði kjörin fundarritari. Tillagan var samþykkt. Fundarstjóri greindi frá því að til fundarins hefði verið boðað samkvæmt 16. gr. samþykka félagsins með birtingu tilkynningar í Kauphöll og á heimasíðu félagsins þann 12. júní 2023 og með auglýsingu í Morgunblaðinu þann 13. júní 2023. Fundurinn væri því lögmetur hluthafafundur. Fundarstjóri upplýsti um að mætt væri á hluthafafundinn fyrir 83,25% hlutfjár.

3. Dagskrá:

3.1. Heimild til handa stjórn til hækkunar hlutfjár

Fyrir fundinum lá tillaga um heimild til handa stjórn félagsins til þess að hækka hlutfé þess um allt að kr. 1.544.202.597 til þess að efna uppgjör á valfrjálsu yfirtökutilboði í allt hlutfé í Eik fasteignafélagi hf. Tillagan var svohljóðandi:

Stjórn Regins leggur til breytingar á 4. gr. samþykka félagsins þess efnis að við greinina bætist heimild til handa stjórn félagsins til þess að auka hlutfé þess um allt að kr. 1.544.202.597 að nafnverði til þess að efna uppgjör á valfrjálsu yfirtökutilboði í allt hlutfé í Eik fasteignafélagi hf. Hluthafar skulu falla frá forgangsrétti samkvæmt 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Heimildin skal gilda í tólf mánuði frá samþykkt.

Fundarstjóri upplýsti að áður en tillagan yrði lögð fram til samþykktar þá myndi stjórnarformaður félagsins Tómas Kristjánsson taka til máls og gera grein fyrir viðskiptunum.

Tómas tók til máls og fór yfir aðdraganda ákvörðunar stjórnar félagsins um að leggja fram valfrjálst yfirtökutilboð í allt hlutfé Eikar fasteignafélags hf. og gerði grein fyrir tilboðinu. Í ræðu Tómasar kom fram að tilboðið verði m.a. háð skilyrðum um að samþykki fáiast frá viðeigandi yfirvöldum, svo sem Samkeppniseftirlitinu, og að handhafar að lágmarki 75% atkvæðaréttar Eikar samþykki tilboðið. Fyrirhugað er að hið síðarnefnda skilyrði um samþykki handhafa 75% atkvæðaréttar Eikar verði ófrávíkjanlegt og skal tilboðsgjafa því ekki heimilt að falla frá því eða breyta. Er því um að ræða breytingu frá því sem áður hafði komið fram.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3.2 Önnur mál:

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum.

4. Frágangur fundargerðar

Sú tillaga var borin undir fundinn að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá og undirrita fundargerð án þess að hún væri lesin upp fyrir fundinn. Tillagan var samþykkt. Jafnframt tilkynnti fundarstjóri að fundargerðin yrði aðgengileg fyrir fundarmenn á heimasíðu Regins hf., www.reginn.is. Auk þess sem helstu niðurstöður fundarins yrðu birtar í Kauphöll.

Fundi slitið kl. 16:21.

Fundarstjóri:
Óskar Sigurðsson, lögm.

Fundarritari:
Esther Ýr Óskarsdóttir